




Varðar: Bakkagerði 11, umsókn um byggingarleyfi / SM

Skoðuð er umsókn um byggingarleyfi þar sem óskað er eftir leyfi til að hækka þak, gera kvist og breyta innra skipulagi ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum garðskála við einbýlishús á lóð nr. 11 við Bakkagerði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags fyrir Teigagerðisreit

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB34) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 204.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Teigagerðisreit, samþykkt 07.01.2003 með síðari breytingum.

Samkvæmt því er húsið talið hafa verndargildi skv. húsakönnun.

Umsögn:

Í umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn um hækkan á þaki, dags. 27.07.2023, kemur fram að samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að hækka þak að uppfylltum skilyrðum og fyrirspyrjanda jafnframt bent á að kynna sér heimildir í gildandi deiliskipulagi vel áður en hönnun hefst og leita álitis Minjastofnunar Íslands varðandi breytingar þar sem húsið er talið hafa verndargildi skv. deiliskipulagi.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við aðalteikningar, en ekki er að sjá að umsögn Minjastofnunar fylgi umsókn um byggingarleyfi.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við byggingaleyfisumsókn. Umsögn Minjastofnunar Íslands þarf hins vegar að fylgja byggingaleyfisumsókn þar sem húsið er talið hafa verndargildi.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.